

Reglugerð nr. 1

Reglugerð fyrir Laganefnd ÍHÍ

- 1.1 Laganefnd ÍHÍ skal skipuð þrem mönnum. Stjórn ÍHÍ tilnefnir í nefndina.
- 1.2 Tilnefningum skal vera lokið eigi síðar en 4 vikum fyrir Íshökkíþing.
- 1.3 Hlutverk laganefndar er að endurskoða lög og reglugerðir ÍHÍ til samræmingar og leiðréttingar og semja tillögur til laga- og reglugerðarbreytinga. Jafnan skal hafa hliðsjón af lögum ÍSÍ og alþjóðareglum IHF.
- 1.4 Laganefnd skal skila álitsgerð sinni og tillögum að laga- og/eða reglugerðarbreytingum til sambandsstjórnar ÍHÍ til framlagningar á Íshökkíþingi, að fenginni umsögn löglærða manna á tillögunum. Laganefnd getur, ef henni þykir ástæða til og brýna nauðsyn ber til, skilað áliti til sambandsstjórnarinnar um einstakar afmarkaðar og augljósar villur í texta, endurtekningar eða mótsagnir og þversagnir í lögum eða einstökum reglugerðum, sem gætu orðið tilefni deilna eða mistúlkunar.